

**139. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 24. Ágúst 2023 kl. 16.30 á Höfða**

**Stjórnarmenn:**

Einar Brandsson formaður  
Björn Guðmundsson varaformaður  
Elsa Lára Arnardóttir  
Helgi Pétur Ottesen  
Aldís Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna

**Starfsmenn:**

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri  
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

**Dagskrá:**

**1) Vistunarmál**

Staðfest vistun fyrir átta einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

**Staða á biðlistum 17.8.2023:**

Hjúkrunarrými: 26 einstaklingar.

Dvalarrými: 13 einstaklingar (dvalarrými ekki lengur í rekstri á Höfða).

Hvíldarinnlagnir: 35 einstaklingar.

**2) Rekstraryfirlit 1. janúar til 30. júní 2023**

Framkvæmdastjóri fór yfir framlagt rekstraryfirlit fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

**3) Fjölgun hjúkrunarrýma á Höfða**

Lagt fram samkomulag við Sjúkratryggingar Íslands(SÍ) um rekstur á 70 almennum hjúkrunarrýmum og því til viðbótar 5 biðhjúkrunarrýmum til 31.12.2024.

Eftir þessa breytingu verða engin dvalarrými á Höfða.

Stjórn Höfða staðfestir samkomulagi við SÍ.

**4) Tillaga að nýju vaktaskipulagi á Höfða**

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að nýju vaktaskipulagi á Höfða í tengslum við breytingu á samsetningu á rýmum á Höfða. Við breytinguna fjölgar íbúum á Höfða úr 74 í 75.

Stjórn Höfða samþykkir framkomna tillögu sem gerir ráð fyrir að nýtt vaktaskipulag taki gildi þann 17.9.2023. Fjármögnun vegna kostnaðarauka á árinu 2023 er vísað til gerðar viðauka 1 við fjárhagsáætlun Höfða sem verður lagður fyrir stjórn á næsta fundi.

**5) Samkomulag vegna framlags úr Framkvæmdasjóði aldraðra 2023**

Jákvætt svar kom við umsókn Höfða um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna endurnýjunar á þak- og veggklæðningar í 2. áfanga Höfða, auk endurnýjunar á þakkanti og flatra þaka í 1. áfanga Höfða.

Stjórn Höfða staðfestir samkomulagið.

Handwritten signatures and initials in blue ink:

- EB
- RA
- JA
- AP
- RS
- WH

**6) Fundargerðir framkvæmdanefndar, dags. 21.4., 12.06. og 21.6.2023**

Lagðar fram.

**7) Hönnunarsamningur vegna endurnýjunar á þak- og veggjaklæðningu**

Stjórn Höfða staðfestir samning við Markstofu ehf. og GM-teiknistofu sf. um hönnun, gerð útboðsgagna og umsjón með útboði í endurnýjun á þak- og veggjaklæðningu, auk endurnýjunar á þakkanti og flatra þaka í 1. áfanga Höfða.

**8) Samningur um byggingarstjórn og framkvæmdaeftirlit vegna endurnýjunar á þak- og veggjaklæðningu**

Stjórn Höfða staðfestir samning við SHP ráðgjöf ehf. í byggingarstjórn og framkvæmdaeftirlit í endurnýjun á þak- og veggjaklæðningu, auk endurnýjunar á þakkanti og flatra þaka í 1. áfanga Höfða.

**9) Loftræsikerfi í þakrými 2.áfanga Höfða**

Samkvæmt stöðumati þjónustuaðila loftræsikerfa á Höfða er loftræsisamstæða í þakrými á síðustu metrum líftíma síns. Samstæðan var tekin í notkun árið 1992 og hefur ítrekað verið að bila.

Ákveðin samlegðaráhrif nást með því að endurnýja samstæðuna um leið og þakklæðning verður endurnýjuð þar sem rjúfa þarf þak til að koma nýrri samstæðu fyrir.

Stjórn Höfða samþykkir að fara í endurnýjun á loftræsisamstæðu samhliða því að endurnýja þakklæðningu og felur Framkvæmdanefnd Höfða framgang verksins.

**10) Eldvarnaúttekt-skýrsla Mannvits dags. 2.6.2023**

Lögð fram.

Stjórn Höfða felur Framkvæmdanefnd Höfða að greina og leggja fram forgangslista yfir fyrstu aðgerðir að bættum brunavörnum í kjallara Höfða.

**11) Erindi frá árshátíðarnefnd Höfða dags. 3.8.2023**

Stjórn Höfða samþykkir styrk vegna árshátíðar Höfða 2023 að fjárhæð kr.700.000. Fjárhæðinni verði ráðstafað af liðnum „1975 Starfsmannafagnaðir“.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:47

*Einar Brandsson*  
*Eisakeira Anne Þéttir*  
*Júlíus Þómas Ottósson*  
*Olíva Tuvilbjörg Gunnarsd.*  
*Aldis Þorbjörnsdóttir*  
*Björn Guðmundsson*  
*Vinur Vinur*